



Varðandi: Starfsdagur á bæjarskrifstofunni

Málsnúmer: 1603068

Dagsetning: 25. apríl 2017

TILLAGA:

Bæjarráð samþykkir að heimila lokun bæjarskrifstofunnar þann 12. maí 2017 vegna starfsmannaferðar.

GREINARGERÐ: Árlega er haldinn starfsdagur á bæjarskrifstofunni þar sem farið er í fræðsluferð með starfsmenn. Fyrirhugað er að fara í slíka ferð í vor, nánar tiltekið þann 12. maí. Óskað er því eftir að fá heimild bæjarráðs til að loka skrifstofunni þann dag. Ef bæjarráð samþykkir þessa beiðni verður hún auglýst rækilega með góðum fyrirvara, í innanbæjarblöðum, heimasíðu og í þjónustuveri kaupstaðarins.

Með vísan til framanritaðs gerir sviðsstjóri ofangreinda tillögu.

Steinar Adólfsson

sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs